

Efnahags-og viðskiptanefnd Alþingis

b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, ritara nefndasviðs Alþingis
skrifstofu Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðandi: Frumvarp til laga um virðisaukaskatt (undanþágu og endurgreiðslur til íþróttafélaga), 411. mál.

Reykjavík, 26. mars 2015.

Ágætu nefndarmenn,

Knattspyrnusamband Íslands fékk til umsagnar frumvarp til laga um virðisaukaskatt (undanþágu og endurgreiðslur til íþróttafélaga), 411. mál.

Á ársþingi KSÍ sem haldið var 14. febrúar síðastliðinn var samþykkt svohljóðandi ályktun:

Ársþing KSÍ 2015 skorar á Alþingi að veita lagafrumvarpi í þingskjali 608 – 411. mál á 144. löggjafarþingi brautargengi sem veitir íþróttafélögum frekari undanþágur frá virðisaukaskatti vegna fjáröflunar til starfsemi þeirra og heimilar tímabundna endurgreiðslu á virðisaukaskatti til íþróttafélaga vegna byggingarframkvæmda þeirra.

Þessu til viðbótar vill Knattspyrnusamband Íslands koma eftirfarandi á framfæri varðandi frumvarpið, annars vegar varðandi íþróttamannvirki og hins vegar varðandi þjónustu og vörusölu.

Íþróttamannvirki

Á síðustu 25 árum eða svo hefur það færest í vöxt að íþróttafélög hafa haft frumkvæði að og tekið beinan þátt í því að byggja upp íþróttamannvirki m.a. með samningum við sveitarfélög. Ríkissjóður hefur styrkt uppbygginu einhverra mannvirkja s.s. skíðamannvirkja og mannvirkja tengd hestamennsku svo dæmi séu nefnd en almennt ekki önnur íþróttamannvirki og engin mannvirki sem ætluð eru til knattspyrnuíðkunar. Á þessum árum hefur náðst eftirtektarverður árangur í uppbygginu knattspyrnuvalla, sparkvalla og knatthúsa víða um land, en víða blasa þó enn við verkefni. Með leyfiskerfi UEFA og KSÍ, sem félög í efstu tveimur deildum karla hafa undirgengist, hafa keppnisvellir tekið stakkaskiptum og aðstaða áhorfenda batnað til mikilla muna. Hjá smærri félögum hefur einnig verið unnið ötulllega að

uppbyggingu, ýmsum lagfæringum og endurbótum. Má í þessu sambandi t.d. benda á uppbyggingu í Reykjanesbæ, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Hornafirði, Ísafirði, Vestmannaeyjum, Akranesi, Akureyri, Egilsstöðum, Ólafsvík, Grindavík, Selfossi og Reykjavík.

Stærstur hluti þessara framkvæmda hefur verið unninn fyrir forgöngu fulltrúa knattspyrnufélaganna, sem lagt hafa fram krafta sína endurgjaldslaust í þágu viðkomandi félaga en oftast í góðu samstarfi við sveitarfélög og með tilstyrk Mannvirkjasjóðs KSÍ og stuðningsaðila knattspyrnufélaganna. Sá árangur sem náðst hefur á liðnum árum hefur fjölgað iðkendum, aukið áhuga á íþróttinni og skilað afreksfólki sem náð hafa frábærum árangri í félags- og landsliðum. Allt hefur þetta aukið hróður Íslands og vakið sérstaka eftirtekt gamalgróinna og öflugra knattspyrnuþjóða auk þess sem knattspyrnan hefur opnað ungu fólki tækifæri til atvinnumennsku í knattspyrnu, náms og námsstyrkja t.d. í Bandaríkjunum. Mikilvægast er þó að íslensk ungmenni geti stundað knattspyrnu við boðlegar aðstæður óháð búsetu og óbliðum náttúruöflum.

Þrátt fyrir myndarlega uppbyggingu mannvirkja og valla á síðustu árum blasa við stór verkefni, sem knattspyrnufélögin vítt og breytt um landið vilja ráðast í. Þar má nefna uppbyggingu knatthúsa í Hafnarfirði, Reykjavík, Mosfellsbæ, Garðabæ og á Sauðárkróki og uppbyggingu aðstöðu fyrir áhorfendur í Reykjavík, Fjarðabyggð og á Akureyri. Hjá ýmsum félögum á landsbyggðinni er einnig mikil metnaður til þess að bæta aðstöðu til knattspyrnuíðkunar og í því sambandi má nefna Vopnafjörð, Voga á Vatnsleysuströnd, Eskifjörð, Fáskrúðsfjörð, Seyðisfjörð, Húsavík og Þorlákshöfn.

Knatthúsin sem þegar hafa verið byggð í Reykjavík, á Akureyri, í Fjarðabyggð, á Akranesi, á Hornafirði, í Vestmannaeyjum, í Kópavogi, í Reykjanesbæ og í Hafnarfirði gegna lykilhlutverki í bættum árangri íslenskrar knattspyrnu. Þótt þau séu af misjafri stærð þá hafa þau skapað úrvals aðstæður til æfinga og keppni yfir vetrartímann og um leið skapað öðrum íþróttagreinum aukinn tíma í hefðbundnum íþróttahúsum. Árangur þess má t.d. sjá varðandi iðkun fimleika, sem hefur tekið mikið flug á síðustu árum m.a. vegna aukins rýmis í íþróttahúsunum. Það er því mikilvægt að fylgja þeirri þróun eftir með fjölgun knatthúsa í öllum landshlutum í samvinnu við knattspyrnuhreyfinguna og félögin í landinu.

Öflugur stuðningur við uppbyggingu knattspyrnumannvirkja er ómetanlegur og sagan sýnir að með betri mannvirkjum og aukinni fræðslu þjálfara næst mikill árangur á undra skömmum tíma. Reynslan sýnir einnig að árangurinn er jafn mikilvægur í smærri sem stærri samfélögum. Það er því öflug byggðastefna að bæta aðstöðu íþróttahreyfingarinnar alls staðar á landinu.

Þjónusta og vörusala íþróttafélaga

Ýmis hluti í kjarnastarfsemi hinna fjölmennu og breiðu íþróttahreyfingar er fjármagnaður að stórum hluta með ýmis konar fjáröflun, einkum vörusölu sjálfboðaliða og þátttakenda. Gott dæmi um það er fjármögnun keppnis- og æfingaferða.

Foreldrar, iðkendur og aðrir sjálfboðaliðar leggja á sig ómælda vinnu við sölu á ýmsum varningi til að standa undir þeim kostnaði sem fylgir íþróttapátttöku. Yfirvöldum er fullkunnugt um þessa starfsemi og það er okkar álit að viðurkenna eigi mikilvægi hennar með undanþágu frá virðisaukaskatti og einfalda þannig rekstrarumhverfi íþróttafélaganna. Það

væri hvetjandi fyrir þessa aðila ef yfirvöld staðfestu mikilvægi þessarar starfsemi með undanþágu af virðisaukaskatti.


Þá ber að nefna að þorri fyrirtækja sem kaupa auglýsingar hjá íþróttafélögum eru að gera það til þess að styrkja félögin og iðkendur þeirra, en ekki í þeim tilgangi að markaðssetja fyrirtækin eða auglýsa þau. Þetta er hluti af samfélagslegri ábyrgð fyrirtækjanna og beinn styrkur til grasrótastarfs. Krafan um virðisaukaskatt af slíkum styrkjum er íþyngjandi fyrir íþróttafélögin og flækir rekstur þeirra.

Knattspyrnusamband Íslands skorar á efnahags-og viðskiptanefnd Alþingis að veita frumvarpinu brautargengi á Alþingi, íþróttahreyfingunni í landinu til heilla.

Vinsamlegast hafið sambandi við undirritaða ef frekari upplýsinga er þörf.

Með kveðju,

f.h. KSÍ,



Klara Bjartmarz,

framkvæmdastjóri.